

Ed.

343. Frumvarp til laga

um viðauka við lög nr. 121 12. desember 1935, um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Á eftir 14. gr. laganna komi ný grein svo hljóðandi:

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, settum samkvæmt þeim, skulu sæta meðferð almennra lögreglumála, og varða sektum, allt að 200000 krónum, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum.

Andvirði ísfisks, sem fluttur er út umfram veitt útflutningsleyfi, skal renna í Fiskimálasjóð og greiðast heint til hans af hanka þeim, sem umráð hefir hér yfir andvirðinu. Getur atvinnumálaráðherra eftir ástæðum varið því, að meira eða minna leyti, til þess að bæta öðrum útflytjendum, sem sannanlega hafa orðið fyrir tapi af hinum ólöglega útflutningi, tjón það, er þeir hafa þannig orðið fyrir. Sé aðeins um smámuni að ræða, sem flutt hefir verið út umfram leyft fiskmagn og ætla má, að ekki hafi af ásettu ráði verið farið fram yfir hið leyfða, getur ráðherra heimilað, að allt andvirðið verði greitt útflytjanda. Refsiákvæði fyrri málsgreinar nær eigi til brota á þessari málsgrein.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.